

Stjórn Regins hf.  
b.t. Benedikts K. Kristjánssonar, stjórnarformanns  
Hagasmára 1, 201 Kópavogi

Reykjavík, 15. apríl 2016

**Efni: Viðauka- og breytingartillaga vegna aðalfundar 25. apríl 2016**

Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í féluginu, óskar eftir því að stjórn félagsins setji eftirfarandi tillögu á dagskrá aðalfundar félagsins, sem haldinn verður 25. apríl 2016, þannig að hún verði tekin til meðferðar á fundinum, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

**Breytingartillaga varðandi framlagða tillögu stjórnar um starfskjarastefnu:**

Við 3. mgr. 6. gr. í tillögum stjórnar um starfskjarastefnu bætist eftirfarandi:

„Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi kaupréttu og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í féluginu eða þróun verðs á hlutabréfum í féluginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar, ásamt upplýsingum um helstu skilmála og áætlaðan kostnað, verð, tímalengd, fjölda hluta og fjölda starfsmanna sem greiðslur eða áætlun nær til.“

Ákvæði 6. gr. hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum, stjórnendum og forstjóra félagsins árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu áliði starfskjaranefndar.

Með kaupauka er átt við greiðslur og hlunnindi, meðal annars reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, venjulega skilgreint með tilliti til jákvæðs árangurs félagsins í heild eða afmarkaðra verkefna þess, sem ekki er þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Starfskjör sem þannig grundvallast á árangursmælingum skulu byggja á fyrirfram skilgreindum, mælanlegum og sannreyndum árangursviðmiðum, þar sem annars vegar liggja til grundvallar langtímahagsmunir félagsins og hins vegar takmörk þau sem tíðkast á slíkum starfskjörum hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum og skráðum félögum á markaði. Tengja má hlunnindagreiðslur af þessu tagi við þróun hlutabréfaverðs félagsins á viðkomandi viðmiðunartímabili.

Einungis er um heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka. Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi kaupréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í féluginu eða þróun verðs á hlutabréfum í féluginu, skulu lögð fyrir

hluthafafund til samþykktar, ásamt upplýsingum um helstu skilmála og áætlaðan kostnað, verð, tímalengd, fjölda hluta og fjölda starfsmanna sem greiðslur eða áætlun nær til.

**Greinargerð með tillögu:**

Með framangreindri viðauka- og breytingartillögu er lagt til að hluthafafundur hafi beina aðkomu að efnislegri umræðu um og samþykki helstu ákvæði varðandi hlutabréfatengd réttindi, m.a. „við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma“ slík réttindi eru lögð til, sbr. ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. a í hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Samkvæmt 79. gr. a. í lögum um hlutafélög eru starfskjarastefnur bindandi fyrir félagsstjórn að því er varðar hlutabréfatengd réttindi. Breytingartillagan miðar að því að aflað sé sérstakrar samþykktar hluthafafundar standi til að veita slík réttindi, sbr. framangreint. Sérstök sjónarmið eiga við um hlutabréfatengd réttindi sem kalla á aðkomu hluthafa. Til dæmis þarf að liggja fyrir, áður en slíkum áætuðum er komið á laggirnar, hver kostnaður þeirra er og hvernig þær eru fjármagnaðar með tilliti til þess hlutafjár sem kann að þurfa að afla til þess að standa undir þeim. Til þess að unnt sé að leggja mat á umfang og kostnað áætlunar er gert ráð fyrir því ef til þess kemur að slíkar áætlanir verði lagðar fyrir hluthafafund að fram komi upplýsingar um helstu skilmála viðkomandi áætlunar, s.s. með tilliti til verðs, tímalengdar þeirra, fjölda hluta og fjölda starfsmanna sem áætlun nær til.

Með því að leggja beri starfskjarastefnur árlega fyrir hluthafafund samkvæmt lögum um hlutafélög og með því að þær séu bindandi hvað snertir hlutabréfatengd réttindi er það sett í hendur hluthafa að taka ákvörðun varðandi slík réttindi og helstu skilmála þeirra. Er rétt að slíkt sé gert á grundvelli atvika og stöðu félagsins af hluthöfum þess á hverjum tíma þannig að rökstuðningur og upplýsingar liggi fyrir varðandi markmið, kostnað og helstu skilmála hverju sinni.

**Reykjavík 15. apríl 2016**

**Gildi-lífeyrissjóður**